

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 3. TBL. 20. ÁRG. 2014



GJAFSÓKN



ERLENDAR RÉTTAR-
REGLUR OG SÖNNUN
Á ÞEIM



Af vettvangi félagsins

Árni Helgason:

Leiðari 4

Jónas Þór Guðmundsson

Pistill formanns 16

Umfjöllun

Eyrún Ingadóttir:

Gjafsókn - réttlæti fyrir alla? 6

Þyrí Steingrimsdóttir:

Reglur um gjafsókn á Norðurlöndunum 10

Nýjar reglur um málgögn í einkamálum og sakamálum 12

Anna Lilja Hallgrímsdóttir:

Stefnumarkandi dómar Hæstaréttar í gengislánamálum 22

Ásdís Magnúsdóttir:

Norræn ráðstefna á svið hugverkaréttar 24

Aðsent efni

Stefán A. Svensson:

Erlendar réttarreglur og sönnun á þeim 28

Reimar Pétursson:

Magn og gæði 30

Á léttum nótum

Farsælt golfsumar hjá lögmönnum 14

Vor- og sumarstarf FKL með góðu móti 18

Af Merði lögmanni 20

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:

Haukur Örn Birgisson hrl.,
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
Þyrí Halla Steingrimsdóttir hrl. og
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður.
Jóna Björk Helgadóttir hdl.,
varaformaður.
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., ritari.
Óttar Pálsson hrl., gjaldkeri.
Karl Axelsson hrl., meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.
Dóra Berglind Torfadóttir, bókhald.

FORSÍÐUMYND:

Forsíðumynd. Ljósmyndari: Ingimar
Ingason
Bláðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:

arni@cato.is

PRENTVINNSLA:

Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.
Sími 530 0800
ISSN 1670-2689

VÍB styður Víking Heiðar Ólafsson til góðra verka.

FAGMENNSKA SKILAR ÁRANGRI



RÁÐGJÖF UM SPARNÐ OG FJÁRFESTINGAR

VÍB er einn stærsti og öflugasti aðilinn á íslenskum eignastýringarmarkaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina, allt frá einstaklingum til fagfjárfesta.

Kynntu þér starfsemi VÍB á vib.is eða hafðu samband í síma 440 4900.

- » Ráðgjöf og verðbréf
- » Lífeyrisþjónusta
- » Einkabankaþjónusta
- » Fagfjárfestaþjónusta



Traust verður að ríkja

Settar hafa verið fram hugmyndir um að fram fari opinber rannsókn á framkvæmd hlerana hjá embætti sérstaks saksóknara. Hvort og hvernig framkvæmdin á slíkri rannsókn verður liggur ekki fyrir þegar þessi orð eru skrifuð en eðlilegast væri að rannsókn sem þessi yrði á forræði þingsins. Slík úttekt, hvernig sem hún verður útfærð, er hins vegar eðlileg og nauðsynleg til þess að upplýsa um málið og efla traust á beitingu hlerana, einkum gagnvart störfum verjanda.

Á dögumum steig Jón Óttar Ólafsson, fyrrverandi starfsmaður sérstaks saksóknara, fram í viðtali við Fréttablaðið og tjáði sig um tiltekin atriði sem hann hafði upplifað meðan hann starfaði hjá embættinu. Að einhverju leyti höfðu þessar upplýsingar komið fram áður en engu að síður vakti viðtalið mikla athygli. Í viðtalinu sagði m.a.:

„Hann segist hafa nokkrum sinnum orðið vitni að því þegar símtöl lögmanna hafi verið spiluð í hátalara á borði svo saksóknarar og aðrir gætu heyrt hvað mönnum fór á milli, er lögmennirnir ráðlögðu sakborningum og fóru yfir vörn þeirra.“

Hann lýsir svo ágætlega upplifun sinni af því að hafa fylgst með hlerunum:

„Þær eru gríðarlega íþyngjandi fyrir þá sem lenda í því. Rannsakarar komast þannig á snodir um dýpstu leyndarmál einstaklinga.“

Fróðlegt hefur verið að fylgjast með viðbrögðunum í kjölfar viðtalsins. Reynt hefur verið að gera viðkomandi starfsmann tortryggilegan, m.a. í ljósi núverandi starfa hans. Málið snýst hins vegar ekki um einstaka persónur. Fyrir liggur, m.a. í dómi héraðsdóms í hinu svokallaða Imon-máli í júní á þessu ári, að hleranir á vegum sérstaks saksóknara hafa verið framkvæmdar með ólögætum hætti. Því ætti þessi frásögn að vekja athygli og hana ber að taka alvarlega.

Sérstakur saksóknari hefur í fjölmiðlum alfarið hafnað því sem fram kom í viðtalinu í Fréttablaðinu. Þegar mál vegna hugsanlegra brota var til skoðunar hjá embætti ríkissaksóknara var hugsanleg sök talin fyrnd og ekki þótti ástæða til að halda rannsókn áfram. Þó liggur fyrir að embættinu höfðu borist upplýsingar um framkvæmd hlerana ári áður.

Eðlilegt er að upplýst verði um þessi atriði og skýringar fáist. Þá verður að hafa í huga að fyrning sakar getur ekki jafngilt heilbrigðisvottorði. Það er umhugsunarefni að jafnalvarlegt mál og þetta veki ekki upp sterkari viðbrögð eða að kerfið taki það ekki upp af eigin frumkvæði að láta skoða málið, t.d. með því að úttekt fari fram.

Réttindi sakbornings til að geta átt samskipti við verjanda sinn í trúnaði og án þess að símtöl séu hleruð eru lögvernduð og afar mikilvægur þáttur í að tryggja réttláta málsmeðferð. Það hlýtur að liggja í augum uppi að þetta mál getur ekki verið afgreitt án þess að nein niðurstaða fáist. Þá er ekki ásættanlegt að tæknilega sé ekki hægt að framkvæma hleranir þannig að það samræmist lögum. Séu slík vandkvæði fyrir hendi þarf einfaldlega að setjast yfir verklagið og finna lausnina. Traust verður að ríkja varðandi störf verjanda og beitingu hlerana. Sé minnsti vafi á því að svo sé, verður að eyða þeim vafa og tryggja að óumdeilt sé að allt vinnulag sé í samræmi við lög og reglur.

AÐ HVERJU ÞARF ÉG AÐ HUGA?

- lífeyrissjóði og eftirlaunum
- vörn gegn tekjumissi vegna veikinda eða slysa
- skipulegum sparnaði
- uppbyggingu eigna

Almenni lífeyrissjóðurinn veitir faglega og persónulega ráðgjöf og fer vel yfir þín mál.

Hafðu samband við okkur og við finnum hentuga leið fyrir þig og þína

Borgartúni 25 • sími 510 2500 • www.almenni.is

Nýtt þýðingafyrirtæki á gömlum grunni!

Þýðingar og textaráðgjöf verður

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Paul Richardson, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammisamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is



Gjafsókn - réttlæti fyrir alla?

Í RÉTTARRÍKI ER það réttur hvers þjóðfélagsþegns að njóta réttlátar málsmeðferðar hjá óvilhöllum dómstól og þeir sem ekki geta staðið sjálfir straum af kostnaði við að ná fram rétti sínum geta sótt um gjafsókn til ríkisins. Um þessar mundir er gjafsókn í umræðunni vegna norrænnar ráðstefnu, sem haldin var 5. september sl. af lagastofnun Háskóla Íslands í samvinnu við innanríkisráðuneytið og Lögmannafélag Íslands og lokaskýrslu verkefnis um gjafsókn og aðra opinbera réttaraðstoð sem innanríkisráðuneytið stóð að. Lögmannablaðið fjallar um gjafsókn frá ýmsum hliðum.

Gjafsókn fyrir hverja?

Gjafsókn er veitt einstaklingum vegna mála sem rekin eru fyrir íslenskum dómstólum án tillits til ríkisborgararéttar. Ríkið skuldbindur sig til að greiða þóknun lögmans sem og annan kostnað við mál, t.a.m. matsgerðir, ferðakostnað, túlkun og fleira. Heimilt er að láta gjafsókn aðeins ná til sérstakra þátta málskostnaðar eða nema tiltekinni fjárhæð. Flestar umsóknir um gjafsókn koma vegna forsjármála og skaðabótamála vegna líkamstjóna. Þegar ný barnalög tóku gildi árið 2013 voru settar reglur um sáttameðferð í

forsjármálum sem leitt hefur til 25% fækkunar umsókna um gjafsókn í þeim málaflokki. Á sama tíma hefur orðið fjölgun umsókna vegna málefna hælisleitenda svo dæmi séu tekin. Lögbundin gjafsókn er síðan veitt í málum sem varða rannsóknaraðgerðir lögreglu, s.s. vegna gæsluvarðhalds, frelsissviptingar og barnaverndar.

Höfnun gjafsókna

Að jafnaði er 30% umsókna um gjafsókn hafnað. Ástæður þess að gjafsóknarnefnd mælir ekki með gjafsókn í ákveðnum málum eru fyrst og fremst þær að ekki sé nægi-

legt tilefni til málshöfðunar eða fjárhagur umsækjenda er yfir viðmiðunarmörkum.

Ragnar Aðalsteinsson hrl., lögmannsstofunni Rétti, hefur gagnrýnt að gjafsóknarnefnd geti hafnað málum á þeirri forsendu að ekki sé nægilegt tilefni til málshöfðunar. Þar með dæmi gjafsóknarnefnd í málum án þess að umsækjendur hafi átt þess kost að flytja mál sitt fyrir dómstólum.

Ekki er hægt að kæra ákvörðun ráðuneytisins um höfnun en umsækjendur geta óskað eftir endurskoðun ákvörðunar og lagt þá fram ný gögn. Kvartanir vegna ákvarðana um gjafsókn berast öðru hvoru til umboðsmanns Alþingis en hann hefur helst fundið að því að synjanir um gjafsókn séu ekki nægilega vel rökstuddar.

Tekjumörk of lág

Eftir að gjafsóknarnefnd hefur metið hvort tilefni sé til málsóknar er fjárhagur umsækjenda skoðaður. Fjárhagur hans þarf að vera þannig hátt að kostnaður af hagsmunagæslu í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða eða


■ 126. gr. 1. Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt:

a. að fjárhag umsækjanda sé þannig hátt að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé,

b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Umsóknir um gjafsókn 2011-2013



Ástæða þess að málum fjölgaði milli árána 2011 og 2012 er líklega sú að árið 2012 voru reglur um gjafsókn rýmkaðar á ný (eftir breytingar frá árinu 2005) og lögfest heimild til veitingar gjafsóknar þegar úrlausn máls hefði verulega almenna þýðingu eða varðaði miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Fækkun milli árána 2012 og 2013 má sennilega rekja til þess að þá tóku í gildi reglur um sáttameðferð í forsjármálum sem fækkaði málum sem komu til kasta dómstóla. Að jafnaði eru 70% umsókna um gjafsókn samþykktar.

að úrlausn máls hafi almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Umsækjendur þurfa að hafa tekjur undir 2.000.000 króna á ári til að fá gjafsókn og hefur svo verið frá árinu 2010 er viðmiðið var hækkað úr 1.600.000 krónum. Þess má geta að lágmarksupphæð atvinnuleysisbóta og framfærsluviðmið örorku- og ellilífeyris eru hærri heldur en þessi upphæð.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. hjá Landslögum rekur mörg skaðabótamál fyrir dómstólum og segir tekjumörkin vera allt of lág: „3.000.000 króna ættu

að vera lágmarkviðmið árslauna varðandi gjafsókn. Það segir sig sjálf að öryrki með 2.000.000 króna í árslauu hefur ekki efni á því að leggja út fyrir matsgerðum í skaðabótamálum. Breytir engu þótt hann sé með mál sem er líklegt til árangurs. Ég mæli ekki með því fyrir fólk með lágur tekjur að fara í slík mál nema gjafsókn sé tryggð,“ segir hann.

Ragnar Aðalsteinsson segir gjafsókn aðeins vera fyrir þá allra fátækustu. Dýrt sé að eiga aðild að dómsmálum og því geti stór hópur fólks, sem uppfylli ekki tekjuskilyrði gjafsóknar, ekki borið mál sitt undir dómstól: „Það þarf að vera til réttlæti fyrir alla, ekki einungis fyrir þá fátækustu og ríkustu í samfélaginu, segir hann.

Þyrí Steingrimsdóttir hrl. hjá Acta lögmannsstofu, sem hefur rekið mörg forsjár- og barnaverndarmál fyrir dómstólum, gagnrýnir að ekki sé tekið tillit til fjárhagsstöðu aðila að öðru leyti en því hvað varðar tekjur, þrátt fyrir að heimildir séu fyrir því í lögum og reglugerðinni um gjafsókn: „Það er þannig ástatt hjá

UM GJAFSÓKNARNEFND

Innanríkisráðherra veitir einungis gjafsókn á grundvelli umsagnar gjafsóknarnefndar og er ekki heimilt að veita gjafsókn mæli nefndin ekki með því. Í gjafsóknarnefnd sitja þrjú lögfræðingar; Ása Ólafsdóttir dósent, er skipuð án tilnefningar og er jafnframt formaður nefndarinnar, Ásgeir Thoroddsen hrl., tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands og Hervör Lilja Þorvaldsdóttir héraðsdómari, tilnefnd af Dómarafélagi Íslands.


mjög mörgum, sérstaklega eftir hrun, að þeir hafa kannski ágætis tekjur – eða í það minnsta hærri tekjur en viðmið gjafsóknar er – en afar þunga greiðslubyrði og miklar skuldir. Þá er ekkert aflögu til að standa í dómsmáli,“ segir hún.

Í svari við fyrirspurn Willums Þórs Þórssonar alþingismanns til innanríkisráðherra á Alþingi sl. vor kemur fram að lágmarkstekjuviðmið gjafsóknar sé haft til viðmiðunar en sé

Gjafsókn er síður en svo ný af nálinni en fyrirmæli um réttarástæðu er að finna í norsku og dönsku lögunum sem voru lögfest á Íslandi 1718 til 1732.

Sérstök lög um gjafsóknir voru sett á Íslandi árið 1907.

Heimild: Innanríkisráðuneytið: Gjafsókn og önnur réttarástæðu. Áfangaskýrsla II 21. júní 2013.



HEILDARKOSTNAÐUR RÍKISINS VIÐ GJAFSÓKN:

2011	289 milljónir
2012	310 milljónir
2013	375 milljónir

Ekki efni á því að reka félagsmálaaðstoð

Annar lögmaður sem einnig hefur mikla reynslu af forsjármálum segir vera að gefast upp á því að taka að sér mál þar sem sækja þarf um gjafsókn. „Þótt ég geri samning við skjólstæðinga mína um greiðslu þess sem út af stendur í málskostnaðarákvörðun dómara vegna gjafsóknar er undir hælinn lagt að ég geti náð því inn því oft er af engu að taka. Ég hef ekki efni á því að reka félagsmálaaðstoð og þróunin verður sú að reyndir lögmenn, sem hafa nóg að gera, hætta að taka að sér gjafsóknarmál. Þau verða í höndum reynsluminni lögmanna og þeirra sem hafa lítið að gera,“ segir lögmaðurinn.

Kostnaður ríkisins

Á fjórða hundrað milljónum króna er varið árlega úr ríkissjóði vegna opinberrar réttaraðstoðar en í reikningshaldi ríkisins er ekki greint á milli gjafsóknar og annarrar opinberrar réttaraðstoðar, s.s. vegna nauðasamninga, málsvara skv. hjúskaparlögum, faðernismála og málskostnaðar í lögræðissviptingarmálum. Í loka-skýrslu um gjafsókn og aðra opinbera réttaraðstoð sem kemur út um þessar mundir er mælt með því að fjárhæðir sem varið er til gjafsóknar verði sérstaklega skráðar svo hægt verði að sjá hvað gjafsókn, sem ekki er lögbundin, kosti ríkið.

Réttlátt réttlæti

Í réttarríki er það réttur hvers þjóðfélagsþegns að njóta réttlátar málsmeðferðar hjá óvilhóllum dómstól og þeir sem ekki geta staðið sjálfir straum af kostnaði við að ná fram rétti

ekki fortakslaut skilyrði til synjunar á gjafsókn. Þannig hafi nefndin heimild til að taka tillit til annarra þátta eins og ef framfærslukostnaður er óvenjulega háur, skerts aflahæfis til frambúðar og fleira. Jafnframt kemur fram að ekki sé talin þörf á að hækka þetta viðmið. Á norrænni ráðstefnu um gjafsókn, sem haldin var 5. september sl., kom fram að gjafsókn hafi verið veitt í 30 málum á síðasta ári, óháð efnahag.

400.000 króna þak einnig of lágt

Gjafsóknarnefnd takmarkar gjafsókn í flestum forsjármálum við 400.000 krónur og segja allir lögmenn sem Lögmannaþingið hafði samband við þá upphæð of lága. Þegar vinna lögmanna í forsjármáli tekur að meðaltali 40-80 klukkustundir og kostnaður við matsgerðir er á bilinu kr. 600.000,- til kr. 800.000,- sést að reiknisdæmið gengur ekki upp. Ef málin eru viðamikil er hægt að sækja um viðbótargjafsókn en sú auka vinna fyrir lögmenninn kostar tíma og peninga þannig að gjafsóknarfjármunir nýtast ekki við rekstur málsins. Lögmenn gagnrýndu jafnframt að það væri einungis í forsjármálum sem slíkum takmörkunum væri beitt, en ekki í öðrum málum.

Aldrei fengið fullgreiddan reikning

Þrátt fyrir að gjafsókn skuldbindi ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli, sem rekið er fyrir dómstólum, er langt því frá að svo sé. Ríkið greiðir aðeins þá fjárhæð í þóknun lögmanna sem dómari ákveður en ekki þá þóknun sem málflytjandi gerir kröfu um á grundvelli gjaldskrár og er studd af tímaskýrslu. Algengt er að lögmenn geri samninga við umbjóðendur sína þannig að ef dómari samþykkir ekki kostnað af máli samkvæmt framlögðum reikningi þarf umbjóðandi að standa straum af mismuninum. Fæstir skjólstæðingar sem fá gjafsókn geta gert það og því þurfa lögmenn, sem taka að sér gjafsóknarmál, að sætta sig við málskostnaðarákvörðun dómara sem er gjarnan langt undir taxa.

Lögmaður sem hefur rekið mörg forsjármál segist aldrei hafa fengið fullgreiddan reikning fyrir gjafsóknarmál. Þrátt fyrir að hafa lagt fram í dómi tímaskýrslu og reikning fyrir vinnu sína hafi hann fengið allt niður í 7.000 krónur á tímann og því beinlínis borgað með sér þegar tekið hafði verið tillit til rekstrarkostnaðar stofunnar. Mismuninn gat hann ekki sótt til skjólstæðings sem stóð afar illa.

sínum geta sótt um gjafsókn til ríkisins. Lögmenn gagnrýna of lágt tekjuviðmið í gjafsóknarmálum sem gerir að verkum að hún nær eingöngu til þeirra allra fátækustu í íslensku samfélagi. Þeir spyrja um rétt þeirra sem eiga fyrir salti í grautinn en hafa ekki bolmagn til að standa undir kostnaði við rekstur máls.

Lögmenn gagnrýna einnig ákvarðanir dómara við málskostnað sem gerir að verkum að reyndir lögmenn eru að gefast upp á því að taka að sér gjafsóknarmál þar sem skjólstæðingar hafa ekki bolmagn til að standa straum af þeim kostnaði sem útaf stendur. Er það hlutverk lögmanna að greiða niður opinbera réttaraðstoð? Réttlætið þarf nefnilega að vera réttlátt.

Eyrún Ingaóttir

Heimildir:

Innanríkisráðuneytið: Gjafsókn og önnur opinber réttaraðstoð. Áfangaskýrsla I, II og lokaskýrsla. <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/gjafsokn/upplýsingar/nr/815>
Svar innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Willum Þór Þórssyni: <http://www.althingi.is/alttext/143/s/pdf/1037.pdf>
Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991.
Reglugerð um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar
<http://www.tr.is/media/fjarhaedir/uttreikningur-lifeyris-og-tengdra-bota-januar-2014-fina.pdf>



F.v. Jóhannes Rúnar Jóhannsson, Óttar Pálsson, Jóna Björk Helgadóttir, Jónas Þór Guðmundsson og Karl Axelsson.

Stjórn LMFÍ 2014-2015

Á AÐALFUNDI LMFÍ síðastliðið vor voru Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. og Óttar Pálsson hrl. kosnir í stjórn í stað Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur hrl. og Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur hdl. Fyrir í stjórn sátu Jóna Björk Helgadóttir hdl. og Karl Axelsson hrl. ásamt Jónasi Þór Guðmundssyni hrl., formanni.





Á ráðstefnu um gjafsókn 5. september sl.

Reglur um gjafsókn á Norðurlöndunum

HINN 5. SEPTEMBER sl. var haldin norræn ráðstefna um gjafsóknarreglur á Norðurlöndunum undir yfyrskriftinni „Retshjælp í Norden“. Lagastofnun Háskóla Íslands hafði veg og vanda að ráðstefnunni og var tveimur aðilum frá hverju landi boðið, þ.e. einum aðila sem ynni innan gjafsóknarkerfisins, sem ætlað var að kynna fyrirkomulagið í hverju landi fyrir sig og einum starfandi lögmanni, sem kynnti hvernig væri að starfa í kerfinu og setti fram gagnrýni.

Undirrituð hélt erindi fyrir hönd lögmannna á Íslandi en Ása Ólafsdóttir lektor og formaður gjafsóknarnefndar kynnti fyrirkomulagið hér á landi.

Í stuttu máli mætti segja að fram hafi komið að gjafsókn á Norðurlöndum hvíli alls staðar á sama grunni sem er augljóslega sá að aðstoda þá efnaminni við að halda fram rétti sínum í dómstólum, enda eru það grundvallarmannréttindi hvers einstaklings að eiga aðgang að dómstólum til að setja niður deilur og einn af meginþáttum réttarríkisins. Útfærsla á kerfinu, og hversu yfirgripsmikið það er, er að sumu leyti ólíkt milli landa en margt er þó keimlíkt.

Þá var gagnrýnin af hálfu lögmannna að mörgu leyti beint að sömu atriðum.

Tekjumörk einstaklinga

Á öllum Norðurlöndunum er þak á tekjum þess einstaklings sem sækir um gjafsókn. Fjárhæðirnar eru mismunandi eftir löndum en í öllum tilvikum kom fram gagnrýni um að tekjuþakið væri allt of lágt. Það kom t.a.m. fram að í Noregi er þakið fyrir einstakling u.þ.b. 370.000 norskar krónur á ári, en meðaltekjur einstaklings í þjónustustarfi á ári eru um 500.000 norskar. Svipuð gagnrýni kom fram af hálfu allra lögmannanna. Undirrituð benti á að hér á landi er þakið 2 milljónir fyrir einstakling en meðaltekjur skv. upplýsingum frá Hagstofu eru 4,8 milljónir á ári. Það má því vera ljóst að áralöng gagnrýni íslenskra lögmannna á of lágt tekjuþak einstaklinga til að fá gjafsókn endurómast hjá kollegum þeirra um öll Norðurlöndin.

Í Svíþjóð er tekjumarkið reiknað öðruvísi en hjá öðrum. Þar er reiknaður út „efnahagslegur grunnur“ umsækjanda (Ekonomiskt underlag) með því að leggja saman laun og



Britt Louise M. Agrell lögmaður frá Svíþjóð.

styrki, en draga frá framfærslu og greiðslubyrði. Ef þessi grunnur er lægri en sem samsvarar u.þ.b. 4,7 milljónum íslenskra króna á ári er gjafsókn tæk. Hins vegar er það jafnframt svo að allir einstaklingar sem fá gjafsókn í Svíþjóð verða að greiða sjálfir ákveðið hlutfall af kostnaði sínum við málið

og fer hlutfallið og fjárhæðir eftir því hversu langt undir mörkum fyrrgreinds efnahagslegs grunns einstaklingur er. Sem dæmi má nefna að ef efnahagslegi grunnurinn er undir því sem samsvarar u.þ.b. 1 milljón íslenskra króna þarf viðkomandi að greiða 2% af kostnaði en ef hinn efnahagslegi grunnur er yfir því sem samsvarar u.þ.b. 3,5 milljónum íslenskra króna þarf viðkomandi að greiða 40% af kostnaði. Sænski lögmaðurinn gagnrýndi þetta fyrirkomulag mjög í erindi sínu og sagði að fæstir þeirra sem fengju gjafsókn og væru t.d. á því bili að þurfa að greiða 40% kostnaðar hefðu ekki bolmagn til þess hvort sem er og því sæti lögmaðurinn uppi með að fá einungis 60% kostnaðar greiddan. Lögmaðurinn gagnrýndi einnig mjög hið sænska kerfi og fram kom að hann teldi að verulega hefði verið þrengt að

því á undanförunum áratugum og t.a.m. hefðu viðmiðunartölurnar varðandi hinn efnahagslega grunn ekki breyst frá árinu 1995.

Gjafsókn nær líka til lögfræðilegrar ráðgjafar

Það var áhugavert að sjá að á öllum hinum Norðurlandanna nær gjafsókn til lögfræðilegrar ráðgjafar og jafnvel samningaviðræðna, en ekki einvörðungu til dómsmála. Í Noregi er það jafnframt svo að þar eru til stofnanir um allt land (Kompetansesenter for fri rettshjelp) sem eru reknar af ríkinu, m.a. fyrir gjafsóknarfé sem sótt er fyrir hvern og einn einstakling sem þangað leitar. Þar starfa lögfræðingar og lögmenn sem taka að sér ráðgjöf og einnig rekstur dómsmála. Svipað fyrirkomulag er til staðar í Finnlandi en í Svíþjóð

og Danmörku leita einstaklingar til lögmanna um ráðgjöf sem geta svo sótt um gjafsókn fyrir vinnu sína, þó ekki sé um dómsmál að ræða. Ýmsar takmarkanir eru þó á gjafsókn af þessu tagi, m.a. hvað varðar fjárhæðir og gagnrýndi t.d. danski lögmaðurinn mjög hversu lágar fjárhæðir væri um að tefla í gjafsókn þegar um ráðgjöf væri að ræða og vildi meina að þetta kerfi virkaði ekki sem skyldi af þeim sökum.

Undirritaðri þótti jafnframt áhugavert að heyra að frjálsar málskostnaðartryggingar væru að spila sífellt stærra hlutverk í mati á því hvort veita ætti gjafsókn á hinum Norðurlöndunum en engar heimildir eru fyrir slíku hér. Í Finnlandi er það beinlínis skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar að viðkomandi hafi ekki málskostnaðartryggingu en fram kom

Ert þú að ganga frá bókhaldinu

og veist ekki hvar þú átt að geyma það?



Hjá okkur eru skjölin þín geymd við fullkomnar aðstæður í nýju öruggu húsnæði. Þú þarft aldrei að hafa áhyggjur af plássleysi, öryggi skjalanna eða því að finna ekki ákveðin skjöl.

Með því að nýta þér þjónustu okkar ert þú komin með framtíðarlausn.

- Betri nýting á húsnæði þínu.
- Yfirlit yfir öll skjöl í geymslu.
- Minni tími fer í leit.
- Allur kostnaður skjalageymslunnar verður sýnilegur.

Hafðu samband og láttu okkur þjónusta þig.

Gagnageymslan ehf.
Smiðshöfði 1, 110 Reykjavík,
sími 587 9800, www.gagnageymslan.is



GAGNAGEYMSLAN

Sími 587 9800



í máli finnsku frummælendanna að þar í landi virðist sterk og löng hefð fyrir slíkum tryggingum enda hafi um 85% Finna slíka tryggingu. Í hinum löndunum er litill til þess í æ ríkara mæli hvort viðkomandi umsækjandi hafi slíka tryggingu, þó það hafi ekki verið gert að skilyrði. Það má spyrja sig hversu góð þróun þetta er enda geta slíkar tryggingar verið dýrar og skilmálar mismunandi. Það hefur t.d. verið svo hér á landi að forsjármál og mál er varða hjónaskilnaði hafa verið sérstaklega undanskilin í slíkum tryggingum en svo er ekki í öðrum löndum – í það minnsta var það ekki svo að skilja á frummælendum á ráðstefnunni.

Tímagjald og ákvörðun þóknunar

Í Finnlandi og í Noregi er fast tímagjald í gjafsóknarmálum. Undirrituð sagði frá því að allt fram á síðasta ár hefði tímagjaldið hér á landi verið fastsett við kr. 10.000 krónur en þeirri takmörkun hefði verið aflétt og nú væri ekkert fast tímagjald, en ljóst væri að dómarrar

miðuðu nú flestir við u.þ.b. 13 – 14.000 krónur. Í Finnlandi er tímagjald gjafsóknarmála sem samsvarar u.þ.b. 17.000 íslenskra króna en í Noregi ríflega 18.000 íslenskar krónur, en fram kom að það væri u.þ.b. helmingi lægra en venjulegt tímagjald lögmanna. Ekki var að heyra á erindum annarra frummælenda að dómarrar væru að skera niður tímafjöldi lögmanna í dómsmálum eins og algengt er hér á landi og lengi hefur verið gagnrýnt.

Fjármunir í kerfinu

Segja má að heildarniðurstaða ráðstefnunnar hafi verið á þann veg að í öllum tilvikum væri um ágætt kerfi að ræða með góðum og skýrum laga- og reglugerðarramma, en auðvitað væru einstök atriði og atvik sem væru gagnrýniverð. Gagnrýnisráðirnar voru samhljóma um að það sem vantaði á væri að ekki væri úr nægilegum fjármunum að spila. Á öllum Norðurlöndunum er búið að skera niður fjármagn til kerfisins á undanförunum áratugum, tekjuviðmið ekki uppfærð né heldur tímagjald lögmanna og þóknun. Afleiðingin er sú að kerfið

virkar ekki sem skyldi til að ná því grundvallarmarkmiði að veita öllum aðgang að dómstólum. Svo virðist sem það sé einvörðungu fyrir hina mjög ríku, sem hafa efni á dómsmáli eða hina mjög fátæku og þá með aðstoð ríkisins að leita til dómstóla, en einstaklingur með meðaltekjur á aldrei möguleika.

Það er því áskorun fyrir Norðurlöndin, sem eru meðal ríkustu þjóða heims og hreykja sér gjarnan af góðu og réttlátu samfélagi þar sem ójöfnuður sé lítill eða jafnvel enginn, að hlíta grunnviðmiðunum réttarríkisins og veita öllum almenningi aðgang að dómstólum með sómasamlegum hætti. Öðruvísi verður réttlætunin aldrei fullnægt.

Þyri Steingrímsdóttir brl.

Hægt er að nálgast glærur og hlusta erindi af ráðstefnunni á heimasíðu Lagastofnunar Háskóla Íslands: http://lagastofnun.hi.is/norraen_radstefna_um_gjafsokn_i_einkamalum.

Er ráðstefna framundan?

Alhliða skipulagning ráðstefna og funda

Engjateigur 5 | 105 Reykjavík | 585-3900 | congress@congress.is | www.congress.is

CONGRESS
REYKJAVÍK

Nýjar reglur um málgögn í einkamálum og sakamálum

Þann 1. september sl. tóku gildi nýjar reglur um málgögn í einkamálum nr. 601/2014 og í sakamálum nr. 600/2014. Í reglunum er að finna fyrirmæli um í hvaða búningi mál skuli lögð fyrir Hæstarétt en á síðustu árum hefur orðið algengara að málgögn sem lögð eru fyrir réttinn hafi að geyma öll þau skjöl sem lögð voru fram í héraði og endurrit allra skýrslna fyrir héraðsdómi. Mörg dæmi eru einnig um að sum skjöl séu í fleiri en einu eintaki í málgögnum og er þetta m.a. tilefni þess að reglum var breytt. Lögmannafélagið hefur þegar sent lögmönnum grein um nýmæli reglnanna í

tölvupósti eftir hæstaréttardómarana Ingveldi Einarsdóttur, Viðar Mátthíasson og Þorgeir Örylgsson en hún er einnig aðgengileg í handbók lögmanna á heimasíðu félagsins.

Í október verður haldið námskeið á vegum félagsdeildar um helstu nýmæli reglnanna, s.s. um samráð málsaðila við gerð málgagna, afdrif málgagna við ómerkingu héraðsdóms og heimvísun máls sem Viðar Mátthíasson hæstaréttardómari kennir.

Námskeið Lögmannafélags Íslands

Réttarheimildir EES-réttar á netinu

Hagnýtt námskeið þar sem kennd verður leit að réttarheimildum EES-réttar á netinu. Farið verður yfir hvernig finna má frumvörp að lögum, greinargerðir, gildandi löggjöf, dómafordæmi sem og önnur lögskýringargögn til túlkunar á EES-rétti. Einnig verður sýnt hvernig fylgja má eftir innleiðingu á tilskipunum og reglugerðum í íslenskan rétt og stuttlega hvernig skoða megi innleiðingu á EES-rétti í öðrum löndum til samanburðar við íslenska innleiðingu. Að lokum verður farið sérstaklega yfir leit í réttarheimildum evrópsks samkeppnisréttar.

Kennari Hulda Kristín Magnúsdóttir, hdl. hjá BBA.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími Alls 3 klst. þriðjudagur 14. október 2014, kl. 16:00-19:00
Verð kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Skráning á www.lmfi.is

Námskeið Lögmannafélags Íslands

Óréttmætir viðskiptahættir

Farið verður yfir ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Fjallað verður um hvaða skilyrði lög setja vegna háttsemi milli fyrirtækja í samkeppni, þ.m.t. við birtingu samanburðarauglýsinga og annarrar beinnar eða óbeinnar markaðssetningar. Einnig verður farið yfir ákvæði varðandi vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda t.a.m. vegna auglýsinga, upplýsinga sem þar koma fram og framsetningu. Þá verður fjallað um sönnun fullyrðinga tengdum markaðssetningu fyrirtækja. Í þessu sambandi verður fjallað um ákvarðanir Neytendastofu og úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála sem taka á álitafnum laganna.

Kennarar Þórunn Anna Árnadóttir og Matthildur Sveinsdóttir, lögfræðingar hjá Neytendastofu.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími Alls 2 klst. fimmtudagur 16. október 2014, kl. 16:00-19:00
Verð kr. 27.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.000,-

Skráning á www.lmfi.is

K · R · S · T
LÖGMENN

LANDSLÖG



Keppendur í meistaramóti lögmanna rétt fyrir ræsingu á Garðavelli á Akranesi.

Farsælt golfsumar hjá lögmönnum

VÆTUSÖMU SUMRI ER nú lokið og rétt að fullyrða að kylfingar hafi ekki fengið nóg fyrir allan peninginn. Þrátt fyrir veður og vinda þá tókst lögmönnum að fljóta í gegnum farsælt golfsumar, að minnsta kosti var það sigursælt fyrir stéttina. Dagskráin var með hefðbundnu sniði þar sem keppt var við stéttir lækna og tannlækna, auk þess sem lögmenn áttust við innbyrðis í tvígang.

Holukeppni við tannlækna

Ólíkt venjulegum kringumstæðum þá er skemmtilegt að fara til tannlæknis á golfvöllinum. Lögmenn hafa undanfarin ár farið glaðir í bragði frá þeim viðureignum og árið í ár var engin undantekning. Þann 10. júní lyftu lögmenn bikarinn á loft að lokinni holukeppni við tannlækna-stéttina. Öruggur sigurinn vannst á

Húsatóftavelli í Grindavík í sannkallaðri rjómablíðu.

Keppni við lækna

Alls mættu 39 kylfingar til leiks á Urriðavöll þann 17. ágúst þar sem leikin var holukeppni á milli lækna og lögmanna. Eftir slæma útreið lögmanna fyrir tveimur árum og jafntefli í fyrra þá mættu lögmenn til leiks gráir fyrir járnum. Þrátt fyrir harða keppni var sigurinn aldrei í hættu og lauk leiknum með sjö vinningum lögmanna gegn þremur vinningum lækna. Bikarinn er því aftur kominn heim í réttarríkið.

Minningarmót

Árlegt minningarmót um lögmennina Guðmund Markússon og Ólaf Axelsson var haldið á Hvaleyrarvelli þann 17. ágúst. Báðir lögmenn voru miklir talsmenn golfþróttarinnar innan

Lögmannafélagsins og var gaman að fá að taka þátt í golfmóti þeim til heiðurs. Mætingin hefði mátt vera betri en þeir 12 keppendur sem skráðu sig til leik voru allir sammála um að vel hefði tekist til og að samveran hefði verið skemmtileg, þrátt fyrir að árangurinn hefði verið upp og ofan. Veðurguðirnir voru í liði með okkur og náðu þátttakendur að spila í þurru allar 18 holurnar sem ekki var algennt á síðastliðnu golfsumri. Leikin var punktakeppni og veitt verðlaun fyrir flesta punkta með og án forgjafar.

Verðlaun skiptust með eftirfarandi hætti:

Punktakeppni með forgjöf - Ólafs Axels bikarinn

1. Bragi Dór Hafþórsson 35 punktar
2. Stefán Pálsson 34 punktar
3. Karl Ingi Vilbergsson 31 punktar

Punktakeppni án forgjafar - Guðmundarbikarinn

1. Karl Ingi Vilbergsson 23 punktar
2. Bragi Dór Hafþórsson 21 punktur
3. Lúðvík Bergvinsson 20 punktar

Meistaramót lögmanna

Síðasta risamót ársins var haldið 20. ágúst á Garðavelli á Akranesi. Alls mættu 20 keppendur til leiks og léku golf í roki og sól. Aldrei þessu vant tóku þrjár konur þátt í mótinu og verður það að teljast gleðiefni að kvenkylfingar séu farnir að láta til sín taka í auknum mæli. Golfnefnd treystir því að þær fjölmenni á næsta ári. Að venju var leikinn höggleikur með og án forgjafar og var það sigurvegari í forgjafarleiknum sem krýndur var lögmanna-meistari. Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

Höggleikur án forgjafar:

1. Björgvin Þorsteinsson 77 högg
2. Haukur Örn Birgisson 78 högg
3. Ármann Fr. Ármannsson 79 högg

Höggleikur með forgjöf:

1. Björgvin Þorsteinsson 74 högg
2. Haukur Örn Birgisson 75 högg
3. Ármann Fr. Ármannsson 76 högg

Þorsteinn Einarsson lék einnig á 76 höggum með forgjöf en Ármann fékk brosið þar sem hann var með betra skor á seinni níu holunum. Það verður að segjast eins og er að verðlaun hefðu mátt falla í hlut fleiri keppenda að þessu sinni. Verðlaunapallurinn var full einhæfur. Nándarverðlaun féllu í hlut þeirra Ármanns Fr. Ármannssonar og Guðna Á. Haraldssonar en en högglangsti kyfingurinn þetta árið var Ármann Fr. Ármannsson.

Golfnefnd LMFÍ



Þrjár kvenkylfingar mættu til leiks, þær Ragnheiður Jónsdóttir, Andrea Olsen og Guðmundína Ragnarsdóttir.



Flott lokastaða er mikilvæg. Hér sýnir Guðmundína hvernig á að fara að þessu.



Sigurvegarar í meistaramóti lögmanna. Frá vinstri Guðni Á. Haraldsson, Haukur Örn Birgisson, Björgvin Þorsteinsson og Ármann Fr. Ármannsson.

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



Niðurfelling þóknana- reglugerðar og fleiri mál

INNANRÍKISRÁÐHERRA HEFUR MEÐ reglugerð nr. 754/2014 fellt úr gildi reglugerð nr. 715/2009, um tímagjald við ákvörðun þóknunar til verjenda og réttargæslumanna. Niðurfellingin miðast við 1. september 2014. Svo sem kunnugt er, var í síðarnefndu reglugerðinni mælt fyrir um að við ákvörðun þóknunar fyrir störf samkvæmt 38. og 48. gr. laga um meðferð sakamála skyldi miða við að fyrir hverja byrjað klukkustund væru greiddar kr. 10.000. Fjárhæðin hafði verið óbreytt allt frá setningu reglugerðarinnar þann 14. ágúst 2009.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur allt frá setningu reglugerðarinnar barist fyrir leiðréttingu tímagjaldsins og síðar niðurfellingu reglugerðarinnar. Sú barátta hefur loksins borið árangur.

Lögmaður hefur verið settur dómari við Hæstarétt Íslands frá 16. október 2014 til 15. apríl 2015 vegna leyfis dómara við réttinn. Það er fagnaðarefni að starfandi lögmaður hafi verið settur í embætti hæstaréttardómara. Allmörg ár eru síðan það gerðist síðast.

Af þessu tilefni er ástæða til að rifja upp að á undanförunum árum hafa margir bent á að æskilegt sé að til starfa dómara við Hæstarétt veljist einnig þeir sem hafa starfað sem lögmennt um lengri eða skemmri tíma. Hætta sé á að Hæstiréttur verði of einsleitur, ef svo má segja, ef hann skipa nær eingöngu þeir sem aðallega hafa annað hvort sinnt akademískum störfum eða dómstörfum. Þá hljóti starfsreynsla sem lögmaður almennt að vera eftirsóknarverð fyrir dómara.

Lögmaðurinn sem hér um ræðir er Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður.

Hann þarf vart að kynna. Karl situr sem kunnugt er í stjórn Lögmannafélags Íslands. Að ráði hefur orðið að hann taki ekki þátt í störfum stjórnarinnar á meðan á setningunni stendur og verður varamaður kallaður til. Fyrir hönd stjórnar félagsins óska ég Karli velfarnaðar í nýju og vandasömu starfi.

Á þessum vettvangi hefur áður verið vakin athygli á því að tilefni sé til að meta hvort nægilega vel sé búið að málefnum dómstóla og réttarfars í yfirstjórn ríkisins og þá einkum í nýju innanríkisráðuneyti sem tók til starfa í ársbyrjun 2011. Margt bendi því miður til þess að sú breyting á Stjórnarráðinu sem þá var gerð hafi leitt til þess að málaflakkurinn fái nú minna vægi og athygli en áður. Til skoðunar hljóti að koma hvort ástæða sé til að endurskoða yfirstjórn dómsmála, þar á meðal hvort endurvekja eigi sjálfstætt dómsmálaráðuneyti.

Með forsetaúrskurði nr. 90/2014 frá 26. ágúst síðastliðnum var sú breyting gerð á skiptingu starfa ráðherra að málefni dómstóla, ákærvalds, löggæslu, lögmannna o.fl. málefni voru færð frá innanríkisráðherra til embættis sérstaks dómsmálaráðherra, sem núverandi forsætisráðherra gegnir samhliða því embætti. Samkvæmt forsetaúrskurðinum heyrir málefni eftir sem áður undir innanríkisráðuneytið sem slíkt. Ráðuneytis- sjióri verður einn sem fyrr og þeir starfsmenn innanríkisráðuneytisins sem sinnt hafa verkefnum sem nú færast undir dómsmálaráðherra munu gera svo áfram og hafa aðsetur í innanríkisráðuneytinu. Þessari skipan er ætlað að gilda þar til annað verður

ákveðið. Tilefnið er sem kunnugt er beiðni innanríkisráðherra um að tilteknir málaflakkar verði færðir úr hans höndum.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa sagt opinberlega að hvað sem umræddri breytingu líði og óháð henni verði fyrri ráðagerðir um hugsanlega fjölgun ráðherra og skiptingu ráðuneyta ræddar frekar á næstunni. Í því efni hafa þeir ekki útilokað að til skoðunar komi að setja á ný á fót sjálfstætt dómsmálaráðuneyti. Því ber að fagna.

Lögmannafélag Íslands hefur, eins og önnur fagfélög lögfræðinga, um árabíl barist fyrir upptöku millidómstigs á Íslandi. Það var því gleðiefni að í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar skyldi vera vikið að millidómstigi. Í henni segir nánar tiltekið að stefnt skuli að því að millidómstig verði tekið upp, bæði í einka- og sakamálum, og að Hæstiréttur starfi í einni deild.

Á þessum grundvelli setti innanríkisráðherra í ágúst 2013 á fót nefnd til þess að undirbúa upptöku millidómstigs. Í framhaldinu virðist ráðherra hafa stefnt að því að leggja fram á Alþingi frumvarp um millidómstig í mars 2014. Síðan hafa nokkrum sinnum verið fluttar af því fréttir í fjölmiðlum að vinna nefndarinnar og tillögur til ráðherra væru á lokastigi og frumvarps að vænta. Í þingmálaskrá fyrir 144. löggjafarþing 2014-2015 er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra leggi fram frumvarp um millidómstig á haustþingi. Óskandi er að það gangi eftir.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

- BA í lögfræði
- BA í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein
- ML í lögfræði
- PhD í lögfræði

hr.is/ld





Jónsmessuganga FKL.

Vor- og sumarstarf FKL með góðu móti

FKL ÁRIÐ 2014 hófst með móttöku hjá LOGOS þann 28. febrúar sl. Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og Helga Melkorka Óttarsdóttir hrl., faglegur framkvæmdastjóri LOGOS héldu skemmtileg erindi við góðar undirtektir gesta. Hátt í sjöttu konur mættu og komust færri að en vildu. Á vormánuðum setti FKL á laggirnar tilraunaverkefni, árlegan orlofshóp FKL. Um er að ræða lokaðan hóp á samskiptamiðlinum Facebook, sem opinn er öllum starfandi lögfræðingum

(konum og körlum) sem eru í yfir sex mánaða fæðingar- eða foreldraorlofi. Markmið verkefnisins er efla tengslanet lögmannna og lögfræðinga og tengsl við starfsumhverfið í svo löngu orlofi. Um sextíu lögfræðingar eru nú skráðir í hópinn.

Aðalfundur FKL var haldinn fimmtudaginn 5. júní sl. í sal LMFÍ. Fundurinn hófst á erindinu „Horft fram á veginn – samfélagsábyrgð og stjórnarhætti fyrirtækja“. Um var að ræða skemmtilegt og fróðlegt spjall við Evu Margréti Ævarsdóttur og

Helgu Láru Hauksdóttur, lögfræðinga og stofnendur RoadMap ehf., m.a. um hvernig fyrirtæki gætu hlotið ávinning af samfélagsábyrgð og góðum stjórnarháttum í starfsemi sinni. Við tóku hefðbundin aðalfundarstörf og voru fráfarandi stjórnarmönnum; Lindu Fanney Valgeirsdóttur hdl., Guðrúnu Sesselju Arnardóttur hrl., Guðmundínu Ragnarsdóttur hdl. og Guðríði Láru Prastardóttur hdl. sérstaklega þökkud góð störf í þágu félagsins. Stjórn og varastjórn félagsins skipa starfsárið 2014-2015 eftirfarandi lögmenn:



Frá móttöku FKL á LOGOS í febrúar.

Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir hdl. formaður, Erna Heiðrún Jónsdóttir hdl., Dagný Ósk Aradóttir hdl., Krístrún Elsa Harðardóttir hdl., Hrefna Dögg Gunnarsdóttir hdl., Svanhvít Yrsa Árnadóttir hdl. og Hulda Rós Rúriksdóttir hrl. Að aðalfundarstörfum loknum var boðið upp á léttar veitingar í boði ADVEL lögmanna.

Sumarstarf FKL var með skemmtilegasta móti. Árleg Jónsmessuganga FKL var farin þann 25. júní sl. Fríður hópur yfir tuttugu kvenna gekk á Esjuna í blíðskaparveðri undir styrkri stjórn Bergþóru Ingólfsdóttur hrl. Í

sumar stóð FKL einnig fyrir átakinu „Allar á völlinn“, með það að markmiði að vekja áhuga á golfi og efla tengsl kvenna í lögmennsku. Þannig var í júní haldið golfnámskeið fyrir konur í lögfræðingastétt í samstarfi við MP Golf líkt og síðasta sumar. Í kjölfarið var Andrea Olsen hdl. skipaður formaður golfnefndar FKL og golfhópur stofnaður á Facebook sem telur nú um sextíu konur. Þann 28. ágúst sl. hélt vaskur hópur kvenna í lögfræðingastétt svo loks á fyrsta golfmót FKL 2014 sem haldið var í Mýrinni í Garðabæ. Veður lék við

kylfinga sem voru ræstir út í þremur hollum. FKL þakkar styrktaraðilunum mótsins, LOGOS og Bestu búðinni, sem og þátttakendum fyrir mótið og væntir þess að enn fleiri konur í lögmennsku láti sjá sig á golfvöllinum í framtíðinni.

Stjórn undirbýr nú vetrarstarf félagsins af krafti og hlakkar til þess að sjá konur í lögmennsku á fleiri viðburðum á vegum þess á starfsárinu!

Stjórn FKL

Námskeið Lögmannafélags Íslands

Málgögn fyrir Hæstarétti

Fjallað verður um nýjar reglur um málgögn í einkamálum og málgögn í sakamálum sem tóku gildi 1. september sl. Í reglunum felast nokkrar breytingar á eldri reglum sem fjallað verður sérstaklega um, s.s. um samráð málsaðila við gerð málgagna, afdrif málgagna við ómerkingu héraðsdóms og heimvísun máls og viðbrögð Hæstaréttar við ófullnægjandi málgögnum.

Kennari Viðar Már Matthíasson hæstaréttardómari.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Alls 3 klst. mánudagur 20. október 2014, kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Skráning á www.lmfi.is

Skrifstofuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði

TIL LEIGU FJÓRAR SKRIFSTOFUR AÐ REYKJAVÍKURVEGI 60, HAFNARFIRÐI. Á STAÐNUM ERU FYRIR ÞRÍR LÖGMENN.

ÁHUGASAMIR HAFI SAMBAND VIÐ BJARNA ÁSGEIRSSON HRL. Í SÍMA 696 5231 EÐA Á NETFANGIÐ BJARNI@VIDSKIPTASTOFAN.IS

Af Merði lögmanni

Þegar Mördur hafði heyrt af því nánast linnulausar fréttir dögum saman að uppnám væri í hluthafahópi tiltekins fjölmiðils hér í bænum og að haldnir væru hluthafafundir heilu og hálfu dagana ákvað hann að draga fram úr skjalabankanum gömlu hlutabréfamöppuna sína.

Þar sem Mördur er langhlaupari í fjárfestingum, en ekki þjakaður af skammtímahugsun, kenndi ýmissa grasa, m.a. hlutabréf í Hafskip og Miklagarði. Mördur hafði þraskallast við að afskrifa úr efnahagsreikningi sínum þrátt fyrir tilmæli frá endurskoðandanum. Þegar hann fór neðar í bunkann fann hann svo skjal upp á 0.12% hlutafjäreign í fjölmiðlinum umdeilda. Hlutaféð hafði Merði áskotnast sem greiðsla upp í reikning fyrir margt löngu, enda allt hey í harðindum.

Ekki svo að skilja að Mördur hefði neinn áhuga á rekstri fjölmiðla, frekar en nokkur þeirra sem mætti á hluthafafundina og tjáði sig opinberlega um málið. En eftir að hafa séð alla helstu lögmennt landsins á sjónvarpsskjánum dag eftir dag á hluthafafundunum fannst Merði óeðlilegt að sitja heima mikið lengur.

Hann gætti því vel að því að vera í mynd þegar hann gekk inn á hinn boðaða hluthafafund, gekk hægum skrefum inn ganginn og svo til baka því hann var ekki viss um að sjónvarpsupptökuvélarnar höfðu náð sér. Eftir að hafa tekið nokkrar ferðir fram og aftur ganginn framhjá furðu lostinni stúlkunni, sem sá um að skrá menn inn á fundinn, sá Mördur loksins færi á að gulltryggja nærveru sína á skjánum þegar hann sá ungan fréttamann af Stöð 2, sem var þekktur fyrir að flytja eingöngu fréttir í beinni útsendingu, vera að stilla sér upp.

Mördur tók sér stöðu í seilingarfjarlægð og gaf til kynna með látbragði og augngotum að hann væri tilbúinn í viðtal ef svo bæri undir. Og viti menn, fréttahaukurinn ungi vatt sér í miðri beinni útsendingu upp að Merði með þeim orðum að hér væri vel þekktur lögmaður mættur til að taka þátt í fundinum og fróðlegt væri að heyra hans álit á stöðu fjölmiðilsins.

Mördur hafði hins vegar ekki reiknað með því að fréttamaðurinn ungi hafði tekið tvö eða þrjú námskeið í lögfræði fyrir margt löngu og lagt á minnið helstu latnesku frasa réttarheimspekinnar. Hann átti það því til að fara í hálfgerða leiðslu í viðtölum og tala tungum við viðmælendur sína. Þegar hljóðneminn var rekinn í andlitið á Merði fylgdi með spurninginn:

„Mördur, quis custodiet ipsos custodes?“

Latína hafði aldrei verið hans sterka hlið þótt það væri gott að grípa til hennar þegar nauðsynlega þurfti að afvegaleiða kúnna á erfiðum fundum. Mördur horði því lengi vel á fréttamanninn unga áður en hann svaraði með því eina sem honum datt í hug:

„Veni, vidi, vici“.

Fréttamaðurinn þakkaði kærlega fyrir, sneri sér í myndavélina og sagði að þessi orð lýstu vel stemningunni á fundinum.

Ekki tók betra við á fundinum. Mördur skráði sig strax á mælendaskrá og fékk þau svör að hann væri nr. 37 á listanum. Átta tímum síðar, þegar komið var fram yfir miðnótt og Mördur hafði náð að dotta líkt og í góðri aðalmeðferð, gat hann hafið upp raust sína og rifjað upp gamla takta í félagaréttinum.

Þegar öll umboð voru talin saman út frá nýjustu samþykkt stjórnarinnar um að enginn hluthafi mætti fara með meira en 1.5% hlutafjár, nema ritstjórinn, amma ritstjórans og einn gamall drykkjufélagi hans að vestan sem fóru með 10% hver, lágu atkvæði þannig að 49.94% stuðningur var við núverandi stjórn en nákvæmlega sami fjöldi vildi hana burt. Það var því undir Merði, með sín 0.12% hlutafjár, komið hvernig framtíðarstjórn miðilsins yrði.

Mördur var eldri en tvævetur og vissi sem var að svona aðstæður varð að nýta til hins ítrasta. Það fór því svo, eftir langar samningaviðræður við báða aðila langt fram undir hádegi næsta dag, að fyrsta verk nýkjörinnar stjórnar hlutafélagsins var að skipa nýráðnum ritstjóra að gera „Nærmynd“ af „heitasta lögmanni bæjarins“.

Framúrskarandi eignastýring



Stefnumarkandi dómar Hæstaréttar í gengislánamálum

NÁMSKEIÐ UM STEFNUMARKANDI dóma Hæstaréttar í gengislánamálum var haldið þann 11. september s.l. í húsakynnum LMFÍ og var vel sótt af lögfræðingum. Kennari var Hjördís Halldórsdóttir hrl. hjá LOGOS. Á námskeiðinu var farið yfir upphaflega dóma Hæstaréttar um gengistrygginguna, og ýmis álitæfni um vexti, hvenær væri um lán að ræða og hvenær leigu, hvenær um er að ræða lán í íslenskum krónum og hvenær lán væri í erlendum gjaldmiðli, fullnaðarkvittanir og réttarstöðuna þegar skuld sambandi aðila er lokið.

Gengistryggingin talin ólögæt

Skorið var úr um lögmæti þess að tengja lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla í 16. júní dómunum svokölluðu. Dómarnir skáru úr um að tilteknir samningar væru lánasamningar þrátt fyrir að bera heitið „kaupleigusamningar“ og að skuldbindingar væru í íslenskum krónum en ekki erlendri mynt. Þetta skipti máli vegna þess að ólögæt er að binda lánasamninga við gengi erlendra gjaldmiðla en ekki leigusamninga. Þá er ekki bannað að veita erlend lán heldur einungis íslensk lán sem bundin eru gengi erlendra gjaldmiðla. Ákvæði samninganna um gengistryggingu voru því talin vera í andstöðu við fyrirmæli vaxtalaga og skuldbundu ekki lántakendur af þeim sökum.

Í H. 603/2010 og 604/2010 var fjallað um fasteignalán og deilt um hvort skuldbindingar hefðu verið ákveðnar í íslenskum krónum eða erlendum myntum og þá hvaða vexti lánin skyldu bera ef talið yrði

að þau væru í íslenskum krónum. Niðurstaðan var sú að lánin voru talin vera í íslenskum krónum og varðandi vextina, var fordæmisgildi H. 471/2010 ekki haggð. Í dómunum reyndi einnig á 2. gr. vaxtalaga, þar sem því var haldið fram að heimilt hefði verið að binda lánið við erlent gengi, þar sem það hefði verið til hagsbóta fyrir skuldara á þeim tíma er lánið var veitt. Þá var að lokum byggt á því að 14. gr. laga um neytendalán væri sérregla og gengi framar vaxtalögum sem leiddi til annarrar niðurstöðu um vexti en í H. 471/2010. Hæstiréttur féllst ekki á framangreindar málsástæður.

Vextir

Í H. 471/2010, sem varðaði Lýsingu, var fjallað um hvaða áhrif það hefði á vexti þegar lán í íslenskum krónum hefður verið gengistryggt. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiddi til þess að líta yrði fram hjá ákvæðum um vaxtahæð og í slíkum tilvikum skyldu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður. Í H.



Hjördís Halldórsdóttir, hrl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu.

734/2013 fjallaði Hæstiréttur um áhrif á vexti þegar lánasamningur er að hluta til gengistryggður. Niðurstaðan var sú að sé tilgreint í slíkum samningi hvaða vextir gilda af íslenskum hluta, þá gildir það ákvæði um vexti.

H. 92/2010 og 153/2010

Má hér nefna dómana: H. 30/2011, H. 155/2011, H. 520/2011, H. 551/2011, H. 552/2011, 524/2011, H. 50/2012, H. 3/2012, H. 498/2012 og H. 715/2012

Fjármögnunarleigusamningar: Lán eða leiga?

Í H. 282/2011, H. 430/2013 og H. 652/2011 var fjallað um hvort fjármögnunarleigusamningar væru lán eða leiga. Í dómunum fjallaði Hæstiréttur um að helsti skilsmunur kaupleigusamninga og fjármögnunarleigusamninga væri sá að í þeim fyrrnefnda eignast leigutaki þann hlut sem er andlag samningsins við lok samningstíma.

Lán í erlendri mynt eða í íslenskum krónum

Í fjölda mála hefur verið tekist á um hvort skuldbinding sé í erlendri mynt eða í íslenskum krónum. Af lestri dómanna má halda því fram að til þess að um lögmætt erlent lán sé að ræða, dugi annað hvort að höfuðstóll sé tilgreindur í erlendri mynt eða, ef óljóst er í hvaða mynt höfuðstóllinn er, að útborgun lánsins fari fram í erlendri mynt jafnvel þó afborganir fari fram í íslenskum krónum. Ekki er ennþá

fullkomlega ljóst hver staðan er ef útborgun lánsins fer fram í íslenskum krónum en afborganir í erlendum myntum. Ýmsar vísbendingar má þó finna í H. 288/2014 og þá er H. 602/2013 upplýsandi almennt séð.

Fullnaðarkvittanir

Í H. 600/2011, mál Elvíru Mendéz Pinedo, ítrekaði Hæstiréttur þá meginreglu að kröfuhafi sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt á í lögskiptum aðila, eigi viðbótarkröfu um það sem vangreitt er. Í málinu var einnig staðfest að undantekningar væru frá meginreglunni, m.a. um að fullnaðarkvittun geti að vissum skilyrðum uppfylltum valdið því að kröfuhafi glati viðbótarkröfu. Í máli Elvíru var sérstaklega litið til þess að lánveitandi var fjármálafyrirtæki og skilmálar samningsins voru gerðir einhliða. Í H. 464/2012 var undantekningin talin eiga við, þar sem lánveitandi var fjármálafyrirtæki og bjó yfir sérþekkingu framár lántaka sem var sveitarfélag. Af H. 463/2013

má ætla að munur verði gerður á minni fyrirtækjum og stærri í þessu sambandi.

Skuldambandi lokið

Í H. 463/2013 var krafist endurgreiðslu á grundvelli fullnaðarkvittana. Lánveitandi hélt því fram að reglur um endurheimt ofgreidds fjár stæðu í vegi fyrir endurgreiðslu. Hæstiréttur sagði hins vegar að lánveitandi hefði sjálfur átt frumkvæði að því að taka skuldambandið upp að nýju og því gæti hann ekki borið fyrir sig að skuldambandi aðila væri lokið.

Á að vaxtareikna ofgreiðslur?

Í H. 544/2013 var fjallað um hvort vaxtareikna ætti ofgreiðslur. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms og hafnaði kröfu um vexti af kröfu lántaka.

Anna Lilja Hallgrímsdóttir

Lagapýðingar í öruggum höndum

Sérhæfðir pýðendur með víðtæka reynslu af öllum sviðum lagatexta. Öll helstu tungumál. Traust og fagleg þjónusta.

Sendu okkur fyrirspurn á skjal@skjal.is og við komum þinni pýðingu í öruggar hendur.

Skjal þjónusta ehf. - Síðumúla 28 - 108 Reykjavík
Sími: 530 7300 - www.skjal.is



SKJAL PÝÐINGASTOFA



Norræn ráðstefna á sviði hugverkaréttar

Í BYRJUN SEPTEMBER var haldin hér á landi samnorræn ráðstefna á sviði hugverkaréttar. Framkvæmd ráðstefnunnar var í höndum SVESI (Samtök um vernd eignaréttinda á sviði iðnaðar) en þau samtök eru aðilar að norrænu samtökunum NIR, Nordiskt Immateriellt Rättsskydd sem halda ráðstefnu annað hvert ár.

Fundirnir eru alfarið tileinkaðir umfjöllun um efni á sviði hugverkaréttar og er þá farið yfir ýmislegt sem þeim tengist eins og breytingum sem eru í farvatninu, réttarframkvæmd í einstökum löndum eða öðru sem er ofarlega á baugi hverju sinni. Fundinn í ár sóttu ríflega 100 manns frá öllum Norðurlöndunum en umfjöllunarefni hans voru hinn nýi evrópski einkaleyfadómstóll, „Unified Patent Court“, breytingar sem eru í farvatninu á tilskipun og reglugerð Evrópusambandsins á sviði vörumerkjaréttar, umfjöllun almennt um sérstaka dómstóla / dómstig á sviði hugverkaréttar á Norðurlöndunum auk sérstakrar umfjöllunar um vernd atvinnuleyndarmála í ljósi nýrrar tillögu

að tilskipun Evrópusambandsins hvað það varðar. Þá var eins og venjulega fjallað sérstaklega um réttarþróun á sviðinu í hverju landi fyrir sig.

Einkaleyfapakki Evrópusambandsins

Stærsta umfjöllunarefnið að þessu sinni má segja að hafi verið helgað hinum nýja einkaleyfadómstól sem er í farvatninu á vegum Evrópusambandsins sem er hluti af nýjum „einkaleyfapakka“ sambandsins, eins og hann er gjarnan kallaður. Kynningu á efninu, og þá sérstaklega drögum að málsmeðferðarreglum dómstólsins, hélt Alexander Ramsay sem er varaformaður undirbúningsnefndar dómstólsins. Þann 19. febrúar 2013 var undirritaður samningur um stofnun dómstólsins „Agreement on a Unified Patent Court and Statute“. Stofnun dómstólsins er afrakstur samstarfs aðildarríkja Evrópusambandsins á sviði einkaleyfa en samningurinn var undirritaður af 25 aðildarríkjum þess sem eru öll aðildarríki að undanskildum Spáni, Póllandi og Króatíu.

Samningurinn um stofnun dómstólsins auk tveggja annarra reglugerða Nr. 1257/2012 „implementing enhanced cooperation in the area of the creation of unitary patent protection“ og Nr. 1260/2012 „implementing enhanced cooperation of the creation of unitary patent protection with regard to the applicable translation arrangements“ er í heild það sem kallað hefur verið „einkaleyfapakkin frá Evrópusambandinu“. Með honum eru í raun stigin risavaxin skref til samræmingar á því kerfi sem er til staðar í Evrópu til verndar uppfinningum, þar með talið að bjóða upp á einn dómstól á sviðinu sem getur þjónað öllum löndum sem gerst hafa aðilar að samningnum. Þetta kerfi Evrópusambandsins, eins og það er lagt upp, er aftur á móti byggt á grunni evrópska einkaleyfasamningsins (European Patent Convention) sem á rætur að rekja allt aftur til ársins 1973 en Ísland hefur verið aðili að þeim samningi frá árinu 2004. Evrópski einkaleyfasamningurinn er samningur ríkja í Evrópu sem hefur það að markmiði að

einfalda ferlið til að öðlast einkaleyfi í heimsálfunni, þ.e. umsóknarferlið og útgáfu einkaleyfa. Samningurinn gerir umsækjanda kleift að öðlast einkaleyfi í öllum aðildarríkjum sammingsins með einungis einni umsókn. Evrópski einkaleyfasamningurinn er alls ótengdur Evrópusambandinu en öll aðildaríki sambandsins eru aftur á móti aðilar að evrópska einkaleyfasamningnum.

Sameinaður einkaleyfadómstóll (e. Unified Patent Court)

Markmiðið með stofnun sameinaðs einkaleyfadómstóls er að auka enn frekar og undirbyggja innri markað Evrópusambandsins, tryggja frjálst flæði vöru og þjónustu ásamt því að koma á laggirnar kerfi sem tryggir

óraskaða samkeppni á hinum innri markaði. Á grundvelli reglugerðar 1257/2012 geta eigendur evrópskra einkaleyfa óskað eftir því að einkaleyfi þeirra hafi samræmt gildi innan Evrópusambandsins (unitary effect) sem hefur það í för með sér meðal annars að unnt er að nýta sameinaðan einkaleyfadómstól. Aðildarríki sammingsins um stofnun dómstólsins geta staðið að stofnun fyrstu dómstiga fyrir dómstólinn (local / regional divisions) ásamt því að um verður að ræða miðlægt fyrsta dómstig (central division) sem staðsett verður í París. Áfrýjunarstigið verður aftur á móti til eins dómstóls í Luxemborg (court of appeal) sem getur jafnframt vísað spurningum og óskað eftir forúrskurði frá Evrópuþingdómstólum (ECJ).

Stofnun dómstólsins vekur eðlilega

upp margar spurningar sem ræddar voru á ráðstefnunni. Þegar Alexander Ramsey hafði lokið kynningu á dómstólum og undirbúningsvinnunni í tengslum við stofnun hans kom að athugasemdum frá sjónarhóli Norðurlandanna af hálfu Örjan Grunden, lögmanni frá Svíþjóð (Gozzo Advokater) og Peter-Ulrik Plesner, lögmanni frá Danmörku (Plesner). Segja má að meginþungi athugasemda þeirra hafi snúið að vandamálum sem upp geta komið tengt ólíkum tungumálum og ólíkum fræðilegum bakgrunni dómara. Þá var athygli vakin á því að líklegt verði, þar sem ætlunin er að dómstóllinn beri sig sjálfur, að dómstólagjöld verði nokkuð há og þar af leiðandi í einhverjum tilfellum viss hindrun á aðgengi. Sérstaklega sé líklegt að gjöld verði

Læknaráð í samvinnu við Lögmannafélag Íslands og Íslenska tryggingalæknisfræðifélagið kynnir:



Líkamstjón - Orsakatengsl?

Ráðstefna með þekktum innlendum og erlendum fræðimönnum og fyrirlesurum: Læknisfræðileg og lögfræðileg nálgun.

*Sönnun, sennileg afleiðing í líkamstjónamálum

*Líkamstjón-andlegar afleiðingar

*Umdeildar sjúkdómsgreiningar eftir slyss

*Causality and the Balance of Probabilities, - medicolegal aspects

*Ársakssammenheng og bevis i nakkeslengskader. En juridisk-medicinsk analyse av de Lie kriterierne o fl. - Pallborðsumræður.

Hvenær: Föstudagur 17 október 2014

Hvar: Háskólabíó - gengið inn að austan.

Tími: 8-17

Tungumál: Íslenska, enska, norska, allar glærur á ensku

Nánari upplýsingar og skráning :há Læknaráði s.552-4800 netfang: ritari@laeknarad.is

Verð: 19.500



há samnborið við sambærileg gjöld á Norðurlöndunum.

Nokkuð var rætt um að boðið yrði upp á að aðskilja kröfu um ógildingu einkaleyfa í málum um brot á einkaleyfum á þann hátt að slíkar kröfur verði til lykta leiddar á meðan mála-rekstur um brotið sjálft verði settur á bið (svokallað „bifurcation“). Eins og reglurnar liggja fyrir núna eru þessar heimildir opnar fyrir töluverðri túlkun sem veldur aftur töluverðri óvissu á sama tíma og mikilvægt er að framkvæmdin verði sem samræmdust.

Þá vekur upp spurningar að lagt er til hámark á þann kostnað sem unnt er að dæma aðila sem hefur betur í dómsmáli en slíkt er óþekkt á Norðurlöndunum. Slíkt þak á mögulegum dæmdum málskostnaði getur komið sér mjög illa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (SME) og er þar af leiðandi áhyggjuefni.

Önnur mikilvæg atriði voru rædd í þau eins og það kerfi sem lagt hefur verið til í tengslum við þær umsóknir um einkaleyfi sem þegar hafa verið lagðar inn og gildandi einkaleyfi og möguleika eigenda þeirra að velja að heyra undir þetta nýja kerfi („opting-out / opting-in“), lögbann og álitamál í tengslum við sönnunarfærslu. Ekki gefst færi hér á að fara ítarlega í slíkar umræður en vert er að benda

á heimasíðu dómstólsins en þar er að finna ítarlegri upplýsingar um þá undirbúningsvinnu sem í gangi er: www.unified-patent-court.org.

Önnur umfjöllunarefni

Á ráðstefnunni var margt annað spennandi til umfjöllunar en nefna má sérstaklega breytingar sem eru í farvatninu á löggjöf Evrópusambandsins á sviði vörumerkjaréttar. Í dag liggja fyrir tillögur að breytingum á nügildandi tilskipun og reglugerð á sviðinu. Í umfjöllun á ráðstefnunni var lögð áhersla á baráttuna gegn eftirlíkingariðnaðinum (counterfeit products) og innflutning án þess að um innflutning sem hluta af atvinnustarfsemi sé að ræða (private imports). Lagðar eru til breytingar sem opna fyrir það í vissum tilfellum að leggja hald á vörur sem millilenda í Evrópusambandinu á leið sinni á endanlegan áfangastað undan sambandsins (vörur „in transit“). Nokkur umræða skapaðist um þessa tillögu og þetta mögulega inngrip í flutning vöru sem ekki er ætluð til markaðssetningar innan Evrópusambandsins. Tókust þar á annars vegar mikilvægi raunverulegra úrræða eigenda vörumerkjaréttinda til að koma í veg fyrir markaðssetningu á eftirlíkingarvarningi og hins vegar

því hversu langt eðlilegt sé að ganga í þessu sambandi í löggjöf sambandsins þegar um er að ræða sendingar ætlaðar mörkuðum utan sambandsins.

Þá liggja fyrir tillögur til breytinga sem munu hafa áhrif á það hvað talið verður til atvinnustarfssemi í tengslum við innflutning á vörum sem teljast brotlegar við vörumerkjaréttindi. Lagt er til að nægilegt sé að sá sem selur og sendir vöruna teljist gera slíkt sem hluta af atvinnustarfsemi þrátt fyrir að kaupandi kaupi einungis til eigin nota (private import). Eru þessar tillögur í beinu framhaldi af tímamótadómi sem féll í Hæstarétti Danmerkur um sambærilegt efni sem vísaði ákveðnum spurningum hvað þetta varðar til Evrópudómstólsins (Blomquist v. Rolex C-98/13).

Framangreint yfirlit ber einungis að skoða sem vísbendingu um þau álitaeftni og spurningar sem til umfjöllunar voru á ráðstefnunni. Voru gestir ráðstefnunnar sammála um að þar hefðu verið til umfjöllunar mörg grundvallaratriði og sköpuðust skemmtilegar umræður þátttakenda frá ólíkum en þó um margt líkum Norðurlöndum. Þessi skoðanaskipti og samstarf þessara landa hefur reynst afar gagnlegt á andanförunum árum og þá ekki hvað síst okkur Íslendingum



sem störfum á litlum markaði sem er á sama tíma alþjóðlegur hvað þetta réttarsvið varðar.

Rétt er að nýta þetta tækifæri og þakka þeim sem voru í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar með undir-

ritaðri og báru hitann og þungann af framkvæmdinni. Ber þar helstan að nefna Gunnar Örn Harðarson, framkvæmdastjóra Árnason Faktor sem fór fyrir nefndinni en auk hans voru í nefndinni Brynhildur Pálmars-

dóttir, lögfræðingur í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Hulda Árnadóttir, lögmaður LEX lögmannstofu.

*Ásdís Magnúsdóttir, bdl.,
Árnason Faktor*

Litla prent

Stór verk - lítið mál



Skemmuvegi 4 // Sími 540 1800 // www.prent.is



Löggiltar skjalabyðingar

Þýðingastofan í Reykjavík

Sími 562 6204 • transrek@transrek.net





Erlendar réttarreglur og sönnun á þeim

Inngangur

Í réttarframkvæmd síðustu ára, einkum í málum er tengjast uppgjöri á slitabúum föllnu bankanna, hefur talsvert reynt á erlendar réttarreglur. Svo dæmi sé tekið hefur þurft að leysa úr sakarefnum á grundvelli bandarískra, enskra og hollenskra réttarreglna. Mál sem þessi, sem eru oft á tíðum nokkuð flókin og mikil að umfangi, þurfa lögmenn því að byggja upp og reifa á grundvelli hinna erlendu réttarreglna sem við eiga hverju sinni. Getur slíkt vissulega verið talsverð raun, ekki einasta fyrir lögmenn heldur líka dómara, enda ristir þekking á erlendum réttarreglum trauðla jafn djúpt og þegar innlendar réttarreglur eru annars vegar. Við bætist síðan að hinar erlendu réttarreglur eru stundum lítt aðgengilegar. Þannig nýtur ekki alltaf við settra laga sem taka til þess sakarefnis sem um ræðir heldur þarf að leiða réttinn af erlendri dómaframkvæmd og sitt sýnist þá hverjum um hvernig túlka megi einstaka dóma. Þegar settra laga nýtur á annað borð við kann einnig að vera ágreiningur um hvernig skýra beri viðkomandi lög.

Þá horfir það heldur ekki til einföldunar að hér reynir á reglur og sjónarmið um sönnun, en samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður sá sem ber fyrir sig erlenda réttarreglu að leiða tilvist og efni hennar í ljós. Kemur þá til álita hvernig slíkum sönnunarkröfum verði fullnægt.

Sönnun á erlendum réttarreglum, þ.á m. í ljósi dómaframkvæmdar

Í stuttri samantekt sem þessari eru ekki efni til að rannsaka og fjalla ítarlega um þá dóma sem fallið hafa og lúta að sönnun á erlendum réttarreglum, þótt slíkt sé verðugt rannsóknarefni. Þess í stað verður látið við það sitja að nefna nokkra dóma sem geta veitt vissa leiðsögn. Þó verður hér, sem endranær, að hafa hugfast að það hvort sönnun hafi tekist er eðli málsins samkvæmt alltaf háð ákveðnu mati á aðstæðum og atvikum í hverju máli fyrir sig. Verður því til samræmis að gjalda varhug við að draga of víðtækar ályktanir af einstökum dómum sem gengið hafa.

Í dómi Hæstaréttar 25. nóvember 2010 í máli nr. 620/2010 (William Fall gegn ALMC hf.), sem var einn fyrsti dómurinn þar sem reyndi á sönnun erlendra réttarreglna í málum er tengjast slitabúum föllnu bankanna, lá fyrir álit frá breskum lögfræðingi, en með framlagningu þess var leitast við að sanna tilvist og efni erlendra réttarreglna. Í dómi Hæstaréttar sagði að í þessu skjali væri ekki leitast við að veita hlutlægar almennar upplýsingar um efni þeirra erlendu réttarreglna sem kynnu að skipta máli við úrlausn málsins. Skjalið innihéldi aðeins álit lögfræðings á vissum þáttum sem snertu réttarstöðu málsaðila. Málsaðilar hefðu ekki forræði á því að tilgreina efni erlendra lagareglna fyrir íslenskum

dómstólum. Með öðrum orðum virðist hafa verið litið svo á að umrætt álit, eins og það var úr garði gert, gæti ekki talist fela í sér sönnun fyrir tilvist og efni hinna erlendu réttarreglna.

Í dómi Hæstaréttar 16. ágúst 2012 í máli nr. 410/2012 (Kaupþing banki hf. gegn Commerzbank AG) sagði að sönnunarskyldu um efni og tilvist erlendra réttarreglu samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 yrði ekki fullnægt með því að afla álit hjá erlendum málflytjendum eða öðrum sjálfstætt starfandi sérfræðingum. Eins stæðu lög því í vegi að slíkur aðili gæfi vitnaskýrslu enda ekki vitni að málsatvikum sem yllu ágreiningi milli málsaðila.

Af fyrrgreindum dómum verður þannig ráðið að aðili verður að jafnaði ekki talinn hafa axlað sönnunarbyrði sína fyrir efni og tilvist erlendra réttarreglu með því að leggja fram álit þar að lútandi. Annað og meira þurfi að koma til.

Í sumum tilvikum hefur málsaðilum lánast að sanna tilvist og efni erlendra réttarreglna. Hér má í dæmaskyni nefna dóm Hæstaréttar 28. október 2011 í máli nr. 300/2011, sem er eitt af neyðarlaga- og innstæðumálunum svokölluðu. Í því máli var leyst úr ágreiningi um rétt til vaxta á grundvelli hollenskra réttarreglna. Voru hinar hollensku réttarreglur, sem á reyndi, teknar sérstaklega upp í forsendum Hæstaréttar og lagðar til grundvallar við úrlausnina. Við sama tón kvað, svo dæmi sé tekið, í dómi Hæstaréttar



28. október 2011 í máli nr. 310/2011, sem varðaði líka neyðarlögin og skilgreiningu innstæðuhugtaksins, en þar var leyst úr ágreiningu um rétt til vaxta eftir breskum réttarreglum sem voru teknar upp í forsendum Hæstaréttar og jafnframt vísað til nokkurra dóma breskra dómstóla sem þýðingu höfðu fyrir úrlausnarefnið, meðal annars dóms frá árinu 1864.

Í dómum Hæstaréttar 27. september 2013 í máli nr. 343/2013 og máli nr. 344/2013 (Deutsche Bank Trust-Company Americas gegn Kaupþingi hf.) bar svo við að málsaðilar lögðu fram sameiginlega bókun um efni þeirra erlendu réttarreglna sem á reyndi. Var raunar enginn ágreiningur um efni hinna erlendu réttarreglna heldur fremur um þau málsatvik sem leysa átti úr á grundvelli þeirra. Að efni þessarar bókunar var vikið í dómum héraðsdóms og Hæstaréttar og virtist hún hafa haft visst vægi. Á hinn bóginn lágu jafnframt fyrir í málunum fjölmargir erlendir dómur sem vörðuðu álitafnið og var bókunin í reynd ekki annað en samantekt á þeim sjónarmiðum sem mátti lesa úr þeim, en hér var aðstaðan sú að ekki naut við neinna erlendra settra laga sem tóku beinlínis til úrlausnarefnisins. Stendur væntanlega ekkert því í vegi að málsaðilar lýsi sjálfir yfir sameiginlegum skilningi sínum á efni og tilvist hinna erlendu réttarreglna í formi bókunar, til einföldunar og hagræðis, þótt slíkt bindi vitaskuld ekki hendur dómara og geti tæpast eitt og sér talist fullnægjandi sönnun, sbr. hér einnig áðurgreindan dóm í máli nr. 620/2010.

Þá verður heldur ekki ráðið að fundið sé að því að aðilar láti útbúa hlutlausar samantektir á efni erlendra réttarreglna, svo sem í formi álita, og leggi fram til fyllingar framlögðum réttarreglum, dómum og fræðikenningum. Slíkar samantektir fela vissulega ekki í sér sönnun á efni og tilvist erlendra réttarreglna einar sér en geta þó, rétt eins og bókanir, verið til einföldunar og hagræðis og þannig að samhengið sé sem skýrast.

Sönnun í formi matsgerðar

Svo sem leiða má af framangreindri umfjöllun er sönnun á efni og tilvist erlendra réttarreglna flókið viðfangsefni, hvað þá þegar engra settra laga nýtur við. Víkur þá næst að nýgengnum dómi Hæstaréttar 8. maí 2014 í máli nr. 120/2014 (De Nederlandsche Bank N.V. gegn LBI hf.). Hér var meðal annars deilt um hvort málsaðili ætti veð til tryggingar kröfu sinni í slitabú á grundvelli hollenskra lagareglna. Í dómi Hæstaréttar sagði að í stað þess að afla matsgerðar um tilvist og efni þeirra hollensku lagareglna sem á reyndi í málinu hefði aðilinn freistað þess að axla sönnunarbyrði sína með því að fá lögmann og lagaprófessor til að taka saman álitserðir um efnið. Andspænis þeim stæðu álitserðir lögmannna sem lagðar hefðu verið fram af gagnaðila þar sem komist var að gagnstæðri niðurstöðu um efni reglnanna. Af þessum gögnum yrðu engar einhlítar ályktanir dregnar um hvort stofnast hefði veðréttur. Efni þeirra hollensku lagareglna sem á reyndi við mat á því hvort fyrir hendi væri veðréttur væri því ósannað.

Af þessum dómi virðist mega ráða að engar hömlur séu við því að aðilar freisti þess að axla sönnunarbyrði um efni og tilvist erlendra réttarreglna í formi öflunar matsgerða, sbr. nánar efni IX. og XII. kafla laga nr. 91/1991. Leiðsögn réttarins í þessu tilliti horfir því til einföldunar þegar kemur að því að reyna að sanna efni og tilvist erlendra réttarreglna í framtíðinni, en fyrir þennan dóm hafði nokkuð verið um það rætt meðal lögmannna hvort sönnunarfærsla væri heimil í formi matsgerða í þessu samhengi.

Enskur réttur

Að síðustu má, til samanburðar, bregða ljósi á hvernig sönnun erlendra réttarreglna horfir við í enskum rétti, en þar reynir iðulega á sönnun slíkra reglna. Ensk réttarfarslög (e. English Civil Procedure Rules) heimila sérfræðivitni (e. expert witness),

sem málsaðilar leiða í reynd fram hvor fyrir sitt leyti. Er algengt að þau skili skriflegum skýrslum um efni og tilvist erlendra réttarreglna og þá gagnert með tilliti til fyrirbyggjandi réttarágreinings. Á þeim hvílir hins vegar, að lögum, trúnaðarskylda gagnvart réttinum sem gengur frammar hvers konar trúnaðarskyldum gagnvart umbjóðandanum. Það kemur síðan í hlut dómsins að dæma eftir hinum erlendu réttarreglum, þ.á m. að leggja mat á vægi þeirra sérfræðiskýrslna sem fyrir liggja. Þessi aðferð við sönnun er, a.m.k. fyrir málsaðila, nokkuð einföld og þægileg í sniðum. Hún er þó e.t.v. ekki ýkja vel til þess fallin að bregða ljósi á tilvist og efni erlendra réttarreglna ef fleiri en ein skýrsla liggja fyrir sem leiða til mismunandi niðurstæðna eins og oft vill verða þegar tveir deila.

Samantekt

Til samræmis við ofangreint virðist mega draga þær ályktanir af fyrirbyggjandi réttarframkvæmd að nauðsynlegt sé, til að aðili geti talist hafa axlað sönnunarbyrði sína um efni og tilvist erlendra réttarreglna, og að því gættu að ekki sé aflað matsgerðar, að leggja fram hinar eiginlegu réttarheimildir, svo sem lög og dóma. Framlagning álita og bókana, til fyllingar lögum og dómum, getur verið til upplýsingar og svo samhengið sé sem skýrast en getur vart eitt og sér falið í sér viðhlítandi sönnun á tilvist og efni erlendra réttarreglna. Þá getur verið æskilegt og jafnvel nauðsynlegt, ef réttmætur vafi er um efni og tilvist hinna erlendu réttarreglna, að afla matsgerðar dómkvaddra matsmannna þar að lútandi.



Magn og gæði

MAGN ER EKKI sama og gæði. Sönnun þess hefur birst mannfólkinu í ýmsum myndum í gegnum tíðina. Í heimi stærðfræðinnar sjá iðkendur þetta með áþreifanlegum hætti.

Vandi stærðfræðings

Ferdinand Lindemann skaust upp á stjörnuhimin stærðfræðinnar í upphafi 20. aldar þegar hann leysti tvö þúsund ára þraut og sýndi fram á að með reglustiku og sirkil ein að vopni væri ómögulegt að teikna ferning jafnan gefnum hring að flatarmáli. Uppveðraður af afrekinu hóf hann tilraunir til að leysa ráðgátu setta fram þremur öldum fyrir af öðrum en frægari stærðfræðingi, Pierre de Fermat.

Fermat hafði teiknað upp jöfnu og handskrifað á spássíu að hann kynni á henni fallega sönnun, hún tæki þó meira pláss en svo að komast fyrir á nöf blaðsins. Meira lét hann ekki uppi áður en hann dó. Sönnun Fermats hafði reynst stærðfræðingum aldanna þriggja ráðgáta og þeir leituðu hennar af ákafa sem helst má jafna við spænska landvinningamenn í leit að El Dorado.

Lindemann réðst til atlögu. Eftir sjö ára þrotlausa vinnu árið 1908 skilaði hann 63 blaðsíðna sönnun, listilegri smíð við allra fyrstu skoðun. Vonbrigðin urðu hins vegar fljótt mikil, villa fannst á þriðju blaðsíðu. Ekkert

sem eftir fylgdi skipti máli. Sönnun ráðgátu Fermats fannst svo ekki fyrir en 1994 án þess að framlag Lindemann hafi þar neinu skipt.

Lærdómur lögmanna

Lögmenn mega hafa þetta í huga. Magn pappírs staðfestir ekki gæði greinargerðar. Nú sýnist að vísu hverjum sitt í lögfræði á meðan stærðfræðin er algild. En ef nánar er gáð geta áhrif stakrar rökvillu í lögfræðilegri greinargerð þó ekki síður verið skadleg ef hún vekur almenna vantrú á málstaðnum.

Við bætist að langt mál um lítið er ósannfærandi; endurtekningar eru þreytandi og auka ruglingshættu. Stuttur texti er aftur á móti læsilegur og vekur áhuga; gagnorð umfjöllun um álitlegar málsástæður eykur trú á málstaðnum.

Veði og dómgreind

Stundum tefla lögmenn fram vonlitlum málsástæðum á þeirri forsendu að dómari gæti talið þær álitlegar. Oft heyrast í því sambandi samlíking við veiðiskap. Alveg eins og veiðimaður getur ekki vitað fyrirfram hvaða flugu fiskurinn gín við getur lögmaður ekki vitað hvaða málsástæðu dómari fellst að endingu á.

Þessi samlíking er dágóð, en eitt gleymist: til eru góðir veiðimenn og

slæmir. Þeir hæfu vita hvaða flugur eru líklegastar, renna þeim skipulega í gegnum hylinn og fara í þann næsta ef ekkert gerist. Amlóðarnir velja hins vegar flugur af tilviljun, standa óskipulega að veiðiskapnum og styggja stundum fiskinn í hamaganginum. Loks þegar líklegustu flugurnar eru settar undir hefur fiskurinn kannski misst áhugann.

Þótt amlóðarnir veiði stundum fisk á ólíklega flugu er niðurstaðan samt afdráttarlaus: Þeir hæfu veiða að meðaltali meira. Og það sem meira er. Þeir hæfu þurfa ekki að finna til minni máttar þegar þeir heyra sögur af árangri amlóða með ólíklega flugu en á sama stað. Þar hefur hending ráðið, ekki afburðahæfni amlóðans.

Einu gildir því fyrir lögmenn þótt síðar komi svipað mál fyrir dóm og málsástæða er þar tekin til greina, sem hann taldi ekki eiga erindi. Í því felst enginn dómur yfir störfum hans. Allt á sér sinn stað og tíma. Þess vegna á lögmaður ekki að bera kvíðboga yfir að beita dómgreind þegar hann velur úr mögulegum málsástæðum.

Lögmenn beita oftast dómgreind við framsetningu mála. Viðskiptavinurinn greiðir fyrir hana, ekki pappírinn. Stundum er eins og þetta gleymist.



NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Fannar Freyr Ívarsson, hdl.

Logos lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, hdl.

Íbúðalánasjóður
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 569-6939

Anna Birgít Ómarsdóttir, hdl.

CATO lögmennt
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 595-4545

Halla Björgvinsdóttir, hdl.

MP banki
Ármúla 13a
108 Reykjavík
Sími: 540-4201

Ragnhildur Rori Ólafsdóttir, hdl.

Lýsing hf.
Ármúla 1
108 Reykjavík
Sími: 540-1574

Kári Valtýsson, hdl.

Acta lögmannsstofa
Smáratorgi 3
201 Kópavogi
Sími: 533-3200

Gunnlaugur Garðarsson, hdl.

Kaupthing hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 444 6100

Haukur Gunnarsson, hdl.

Arion banki
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-7000

Theodór Kjartansson, hdl.

Lögfræðistofa Suðurnesja
Hafnargötu 51-55
230 Reykjanesbæ
Sími: 420-4040

Gunnar Jónsson, hdl.

LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540 0300

Gísli Örn Kjartansson, hdl.

Fjármálaeftirlitið
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 520-3700

Baldur Arnar Sigmundsson, hdl.

Þorbergsson og
Loftsdóttir sf.
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík
Sími: 552-7500

Árni Þór Finnsson, hdl.

Factum lögfræðiráðgjöf
Árna Þórs slf.
Veghúsum 23
112 Reykjavík
Sími: 847-4934

Aðalbjörg Guðmundsdóttir, hdl.

CATO lögmennt
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 595-4545

Hildur Helga Kristinsdóttir, hdl.

Fulltingi
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Ásgrímur Ásmundsson, hdl.

Miklaborg fasteignasala/
Case lögmennt
Lágmúla 4
108 Reykjavík
Sími: 569-7070

Þorbjörn Björnsson, hdl.

JP lögmennt
Höfðatorgi
105 Reykjavík
Sími: 588-5200

Jón Pétur Skúlason, hdl.

Embætti borgarlögmanns
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 411-4100

Sunna Axelsdóttir, hdl.

PACTA lögmennt/lögheimtan
Hafnarstræti 91-95
600 Akureyri
Sími: 440-7900

ENDURÚTGEFIN MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI

Börkur I. Jónsson, hdl.

Procura
Hlíðarsmára 17
201 Kópavogi
Sími: 512-1660

NÝR VINNUSTAÐUR

Birgír Ottó Hillers, hdl.

Íslandsbanki
Kirkjusandi 2
105 Reykjavík
Sími: 440-4220

Sigurður Árnason, hdl.

Arctic lögmennt ehf.
Skeifunni 17
108 Reykjavík
Sími: 550-4060

Leifur Runólfsson, hdl.

Arctic lögmennt ehf.
Skeifunni 17
108 Reykjavík
Sími: 550-4060

Hjörtur Örn Eysteinnsson, hdl.

Arctic lögmennt ehf.
Skeifunni 17
108 Reykjavík
Sími: 550-4060

Eggert Bjarni Ólafsson, hdl.

Lögfræðistofa Reykjavíkur
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 515-7400

Bára Jónsdóttir, hdl.

Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavík
Sími: 569 9600

Ívar Bragason, hdl.

Embætti borgarlögmanns
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 411-4100

Eva Halldórsdóttir, hdl.

Lögmennt Lækjargötu
Lækjargata 2
101 Reykjavík
Sími: 512-1220

Laufey Sigurðardóttir, hdl.

VERITAS lögmennt
Borgartúni 28
105 Reykjavík
Sími: 571-5040

Daníel Pálmason, hdl.

MP banki
Ármúla 13a
108 Reykjavík
Sími: 540-3230

Guðríður Lára Prastardóttir, hdl.

VALVA lögmennt
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 527-1600

Einar Hugí Bjarnason, hrl.

Atlas lögmennt
Húsi verslunarinnar,
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími: 517-7171

Jóhann Haukur Hafstein, hrl.

Atlas lögmennt
Húsi verslunarinnar,
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími: 517-7171

Fróði Steingrímsson, hdl.

LEX lögmannsstofa
Borgartúni 26
Sími: 590-2600

Arndís Anna K. Gunnarsdóttir, hdl.

Rauði krossinn
Efstaleiti 9
Sími: 570-4000

Friðrik Ársælsson, hdl.

Réttur -
Aðalsteinsson & Partners
Klapparstígur 25-27
101 Reykjavík
Sími: 511-1206

Gunnar Sv. Friðriksson, hdl.

Lögmennt Hafnarfirði
Reykjavíkurvegi 60
220 Hafnarfirði
Sími: 565-5155

NÝTT AÐSETUR

Jón Páll Hilmarsson, hdl.

Pacta lögmennt
Austurvegi 3, 2. hæð
800 Selfossi
Sími: 440-7900



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is